

# Fyrirgefningin í kristinni hefð

† Björn Björnsson prófessor (1937–2008)

## 1. INNGANGUR

Hugtakið fyrirgefning er áberandi í kristinni hefð, enda óspart notað, bæði í umræðu innan kristindóms og í gagnrýni á hann. Þegar fjallað er um fyrirgefninguna ber nokkuð á hugmyndum sem eiga lítið skylt við fyrirgefningarboðskap ritningarinnar. Þær eru jafnvel skrumskæling á honum. Algengt er að menn einskorði fyrirgefninguna við það að láta undan í deilum og átökum. Sú afstaða á vissulega stundum rétt á sér, en ekki þegar hún er notuð til að réttlæta það að fólk „vaði yfir aðra“, eins og það er gjarnan orðað.

Sams konar misskilnings gætir þegar fullyrt er að það að skilja einhvern jafngildi því að vera honum sammála. Sannleikanum getur oft verið öfugt farið; að skilja einhvern getur leitt í ljós að maður sé ósammála og jafnvel andsnúinn viðmælanda sínum. Þegar svo er, vaknar sú spurning hvort menn séu þá ekki komnir í andstöðu við orð Jesú í Matteusarguðspjalli, þar sem segir: „Þá gekk Pétur til hans [Jesú] og spurði: Herra, hve oft á ég að fyrirgefa bróður mínum, ef hann misgjörir við mig? Svo sem sjö sinnum? Jesús svaraði: Ekki segi ég þér sjö sinnum, heldur sjötíu sinnum sjö“ (Matt 18.21–22).<sup>1</sup> Þessi áhersla á fyrirgefninguna er athyglisverð, en sú spurning vaknar hvernig beri að túlka hana. Vísbendingu um það má sjá í Lúkasarguðspjalli þar sem Jesús segir á krossinum: „Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki, hvað þeir

1 Sbr.: „Hafið gát á sjálfum yður. Ef bróðir þinn syndgar, þá ávíta hann, og ef hann iðrast, þá fyrirgef honum. Og þótt hann misgjöri við þig sjö sinnum á dag og snúi sjö sinnum aftur til þín og segi: Ég iðrast, þá skalt þú fyrirgefa honum“ (Lúk 17.4).

gjöra“ (Lúk 23.34). Óhætt er að fullyrða að fyrirgefningarboðskapur ritningarinnar komi skýrt fram í þessum orðum. Þó er nauðsynlegt að hafa í huga að Jesús segir þessi orð ekki við þá sem hæddu hann og ásökuðu, eða þá sem dæmdu hann og krossfestu, heldur við Guð föður sinn. Hann fyrirgefur andstæðingum sínum í bæn til föðursins. Jesús samþykkir því hvorki voðaverkin né dregur úr sekt þeirra er þau unnu. Hann hrópar ekki orð fyrirgefningarinnar til andstæðinga sinna sem hvorki gátu né vildu taka við þeim, hann fyrirgefur þeim í hjarta sínu í bæn til Guðs. Af þessu sést að fyrirgefningin hefur tvær hliðar, eina sem snýr að þeim sem fyrirgefur og aðra sem snýr að þeim sem er fyrirgefnið. Fyrri atriðið felur í sér að maðurinn verður að fyrirgefa í hjarta sínu þeim sem beitir hann órétti svo að reiði og hatur setjist ekki þar að og éti hann upp að innan, ef svo má að orði komast. Síðara atriðið snýr að þeim sem er fyrirgefnið. Í ritningunni kemur fram að iðrun og fyrirgefning fara ætíð saman. Þar er lögð á það rík áhersla að maðurinn verði að gera sér grein fyrir því að hann þarfnast fyrirgefningar og að hann þarf að biðjast fyrirgefningar til að geta meðtekið hana. Þetta iðrunarferli getur reynst mannum erfitt.

Í þessu samhengi er nauðsynlegt að athuga hvað Biblían hefur að segja um fyrirgefninguna. Það verður gert í grein þessari og að auki verður skoðað hvað tveir merkustu guðfræðingar vestrænnar kirkju, Árelíus Ágústínus (354–430) og Marteinn Lúther (1483–1546), hafa að segja um kristinn fyrirgefningarskilning.

## 2. HUGTAKIÐ „FYRIRGEFNING“ Í GAMLA TESTAMENTINU

### 2.1 Inngangur

Þegar Gamla testamentið er skoðað kemur í ljós að þar er stuðst við mörg hugtök<sup>2</sup> og myndir þegar fyrirgefningunni er lýst. Þá er ljóst að í ritum Gamla testamentisins er allajafna fjallað um fyrirgefninguna í tengslum við syndina. Þessu til staðfestingar nægir að slá upp í orðalykli.<sup>3</sup> Fyrirgefning og synd eru notuð um samband Guðs og manns í Gamla testamentinu, þetta eru tengslahugtök. Gert er ráð

2 Sbr. sagnorðið סלח: Jer 31.34; Slm 25.11; גשח: Slm 25.18; 32.1; עבר: 2Sam 12.13; Mík 7.18; 2Mós 34.7; כפר: 5Mós 21.8; Slm 65.4; נקה: 2Mós 34.7; Slm 19.13.

3 *Große Konkordanz zur Lutherbibel*, 1482.

fyrir því að Guð, skapari og endurlausnari manns og heims, hafi sett heiminum lífslögmál. Mannlegt samfélag lýtur þeim einnig. Til að átta sig á hver þau eru nægir að huga að boðorðunum tíu. Þau sýna að það ranglæti sem maður beitir mann eða verður fyrir snertir ætíð Guð og samband mannsins við hann. Í Gamla testamentinu hefur fyrirgefningin því trúarlega, samfélagslega og þjóðfélagslega skírskotun. Í raun er erfitt að greina þar á milli, því að Gamla testamentið fjallar aldrei um einstaklinginn án félagslega tengsla hans.

Flokka má umfjöllun Gamla testamentisins um fyrirgefninguna í eftirfarandi fimm undirflokkum:

(1) Athygli vekur að hugtakið fyrirgefning kemur oftast fyrir í bæn til Guðs eða samtali við hann. Guð er beðinn um að varpa syndum lýðsins í hafid eða djúpið (Mík 7.19), hylja þær (Slm 32.1), þvo þær burt eða afmá (Slm 51.3–4). Einnig nema þær á brott (Slm 103.12), tilreikna þær ekki manningnum (Slm 32.2) eða gleyma þeim (Slm 25.7).

(2) Syndin er ekki bundin siðferðisbrotum, hún vísar einnig til róttækari veruleika. Stundum er hún gerð að samnefnara yfir það sem skerðir lífsgæði eða lífsmöguleika mannsins. Erfiðleikar, sjúkdómar eða annar vandi sem er ofar mannlegri getu er þess vegna flokkaður undir synd. Maðurinn er þá ekki valdur að henni, hún er fremur skilin sem áfall er hann verður fyrir. Syndin er samkvæmt þeim skilningi ekki bundin gjörðum mannsins og hann ber ekki ábyrgð á henni. Þar með hefur fyrirgefningin mun víðtækari merkingu, hún felur ekki eingöngu í sér að fyrirgefa siðferðismistök og er því lögð að jöfnu við lækningu, lífgjöf og frelsun. Þess vegna er Guð beðinn um að bjarga manningnum (Slm 51.16) eða leysa hann undan erfiðleikum þjáningar, angistar og dauða (Slm 130.8; Slm 22; 49.8 o.áfr.).<sup>4</sup>

(3) Þegar um er að ræða eitthvað sem Ísraelsþjóðin ræður ekki við í sögunni er Guð beðinn um að fyrirgefa henni með því að líta ekki á syndina (Slm 51.11) eða meðhöndla hana mildilega (Jes 40.2). Guð

4 „Enginn maður fær keypt bróður sinn lausan né greitt Guði lausnargjald fyrir hann. Lausnargjaldið fyrir líf þeirra mundi verða of hátt, svo að hann yrði að hætta við það að fullu, ætti hann að halda áfram að lifa ævinlega og líta ekki í gröfina. Nei, hann sér, að vitrir menn deyja, að fífl og fáráðlingar farast hver með öðrum og láta öðrum eftir auðæfi sín. Grafir verða heimkynni þeirra að eilífu, bústaðir þeirra frá kyni til kyns, jafnvel þótt þeir hafi kennt lendur við nafn sitt“ (Slm 49.8–12).

er beðinn um að losa manninn sem einstakling og þjóðina alla undan fargi fortíðarinnar.

(4) Merkilegar eru einnig þær frásagnir þar sem Guð áminnir þjóðina um að virða réttlætið og kallar hana til iðrunar. Guð lætur spámenn sína boða þjóðinni að ef hún iðrast muni hann snúa blaðinu við og fyrirgefa henni (Jer 18.8; Jl 2.14; Jón 3.10).

(5) Samkvæmt Gamla testamentinu er fyrirgefningin afleiðing þess að Guð er miskunnssamur (Slm 103.12 o.áfr.; 2Mós 36.6). Hann er í eðli sínu náðugur og kærleiksríkur. Loks er talað um fyrirgefningu án þess að nota sérstakt fyrirgefningarhugtak eða fullyrt að Guð virði ekki syndina vegna þess að hann er heilagur. Í Hósea segir: „Ég vil ekki framkvæma heiftarreiði mína, ekki aftur eyðileggja Efraím. Því að ég er Guð, en ekki maður. Ég bý á meðal yðar sem heilagur Guð og kem ekki til yðar í bræði.“ (Hós 11.9). Guð er heilagur og þess vegna gefur hann syndurum líf (Esk 18.21 o.áfr.).<sup>5</sup>

## 2.2 Fyrirgefning Guðs

Í Gamla testamentinu kemur skýrt fram að náð og miskunn einkenna Guð. Þannig segir í Annarri Mósebók: „Drottinn gekk fram hjá honum

- 5 „Þú munt aftur miskunna oss, troða niður misgjörðir vorar. Já, þú munt varpa öllum syndum vorum í djúp hafsins“ (Mík 7.19). Að hylja: „Sæll er sá er afbrotin eru fyrirgefín, synd hans hulin“ (Slm 32.1). Þvo burt eða afmá: „Guð, vertu mér náðugur sakir elsku þinnar, afmá brot mín sakir þinnar miklu miskunnsemi. Þvo mig hreinan af misgjörð minni, hreinsa mig af synd minni“ (Slm 51.3–4). Einnig að taka í burtu: „Svo langt sem austrið er frá vestrinu, svo langt hefir hann fjarlægt afbrot vor frá oss“ (Slm 103.12). Að tilreikna ekki: „Sæll er sá maður er Drottinn tilreiknar eigi misgjörð, sá er eigi geymir svik í anda“ (Slm 32.2). Gleyma: „Minnst eigi æskusynda minna og afbrota, minnst mín eftir elsku þinni sakir gæsku þinnar, Drottinn“ (Slm 25.7). Bjarga: „Frelsa mig frá dauðans háska, Guð hjálpræðis míns, lát tungu mína fagna yfir réttlæti þínu“ (Slm 51.16). Leysa undan: „Hann mun leysa Ísrael frá öllum misgjörðum hans“ (Slm 130.8). Ekki líta á þær: „Byrg auglit þitt fyrir syndum mínum og afmá allar misgjörðir mínar“ (Slm 51.11). Meðhöndla mildilega: „Hughreistið Jerúsalem og boðið henni, að áþján hennar sé á enda, að sekt hennar sé goldin, að hún hafi fengið tvöfalt af hendi Drottins fyrir allar syndir sínar!“ (Jes 40.2). Jafnvel að iðrast: „en snúi þjóðin, er ég hefi hótað þessu, sér frá vonsku sinni, þá iðrar mig hins illa, er ég hugði að gjöra henni“ (Jer 18.8; Jl 2.14; Jón 3.10). Fyrirgefning þýðir líka að sýna miskunn (Slm 103.12 o.áfr.; 2Mós 36.6). Auk þess er talað um fyrirgefningu án þess að nefna hugtakið sérstaklega eða að hann virði hana ekki vegna heilagleika síns (Hós 11.9), þess vegna gefur Guð syndurum líf (Esk 18.21 o.áfr.).

[Móse] og kallaði: Drottinn, Drottinn, [er] miskunnsamur og líknsamur Guð, þolinmóður, gæskuríkur og harla trúfastur, sem auðsýnir gæsku þúsundum og fyrirgefur misgjörðir, afbrot og syndir, en lætur þeirra þó eigi með öllu óhegnt, heldur vitjar misgjörða feðranna á börnum og barnabörnum, já í þriðja og fjórða lið“ (2Mós 34.6–7).<sup>6</sup> Náð Guðs hvílir yfir öllum kynslóðum. Það má sýna með einföldu reikningsdæmi: Samkvæmt biblíulegri talningu var Móse uppi fyrir tæpum 3200 árum. Ef reiknað er með 35 árum fyrir hverja kynslóð kemur í ljós að frá tíma Móse til okkar daga eru 82 kynslóðir. Í þessum texta er því verið að orða eilífa náð Guðs.

En textinn sýnir einnig að Guð er réttlátur. Hann leyfir ekki að illskan sem maður veldur öðrum manni móti samfélagið til lengdar. Það felst í orðalaginu „að Guð vitji misgjörða í þriðja og fjórða lið“. Gamlateamentisfræðingar deila nokkuð um það hvernig túlka beri þessi orð. Annars vegar hefur verið bent á að hér sé átt við stórfjölskyldu forna tímans, en henni tilheyrðu þrjár til fjórar kynslóðir sem bjuggu saman. Textinn gerir þá ráð fyrir því að þegar ógæfa hendir einn meðlim stórfjölskyldunnar eða að hann gerist brotlegur, þá snertir það alla fjölskylduna sem eru þrjár til fjórar kynslóðir undir sama þaki. Hér er því ekki vísað til framtíðar, heldur er ástandinu sem ríkir innan fjölskyldunnar lýst og því hvernig brot eins fjölskyldumeðlims eitrar út frá sér og spillir eðlilegum samskiptum. Aðrir fræðimenn gera hins vegar ráð fyrir því að hér sé verið að áréttu langlyndi Guðs sem refsí mönnum ekki þegar í stað, heldur bíði til að gefa manningum færi á að bæta sig. Á það hefur verið bent að það taki fjölskyldu oft þrjár til fjórar kynslóðir að jafna sig eftir mikla ógæfu og að hið sama eigi við um þjóðfélagið.<sup>7</sup>

6 Í boðorðunum segir: „Þú skalt engar líkneskjur gjöra þér né nokkrar myndir eftir því, sem er á himnum uppi, eður því, sem er á jörðu niðri, eður því, sem er í vötnunum undir jörðinni. Þú skalt ekki tilbiðja þær og ekki dýrka þær, því að ég, Drottinn Guð þinn, er vandlátur Guð, sem vitja misgjörða feðranna á börnunum, já í þriðja og fjórða lið, þeirra sem mig hata, en auðsýni miskunn þúsundum, þeirra sem elska mig og varðveita boðorð mín“ (2Mós 20.4–6).

7 Preuss 1991, 191; Spieckermann 1990, 7–8. Þetta á einnig við í nútímanum, glæpir Nasista í heimstýrjöldinni hvíla t.d. þungt á þýsku þjóðinni. Rúmum 60 árum eftir lok heimstýrjaldarinnar, eða tveimur til þremur kynslóðum síðar, kalla þeir fram sekt hjá fólki sem var jafnvel ekki fætt þegar stýrjöldinni lauk. Samtímis hefur það sáttaferli sem Ísraelsmenn og Þjóðverjar hafa staðið fyrir greitt götuna að fyrirgefningu og nýju upphafi.

Þekkt er hvernig sektarkennd getur legið á einstaklingum, fjölskyldum og þjóðum. Skuggi sektar hvílir yfir öllu og þrengir að hinu daglega lífi. Við vitum að fyrirgefningin léttir þá byrði. Þess vegna er vel skiljanlegt að einstaklingurinn, fjölskyldan eða þjóðin öll leiti til Guðs til að bægja ógæfunni frá og biðji um fyrirgefningu og náð sem opni þeim nýja lífsmöguleika.

Í Gamla testamentinu eru umfangsmiklar lýsingar á því hvernig maðurinn nálgast og öðlast fyrirgefningu Guðs. Athyglisvert er að þær tengjast bæði beint og óbeint bæn og helgihaldi.

### 2.3 Fyrirgefning og helgihald

Fyrirgefningunni má auðveldlega finna stað á vettvangi helgihaldsins. Þar er mikið lagt upp úr því að biðja Guð að létta af mannum byrði sektar og syndar sem hann geti ekki borið. Fræg er sagan af Kain sem varpar ljósi á þetta. Bróðurmorðinginn segir í bæn til Guðs:

Sekt mín er meiri en svo, að ég fái borið hana! Sjá, nú rekur þú mig burt af akurlendinu, og ég verð að felast fyrir augliti þínu og vera landflótta og flakkandi á jörðinni, og hver, sem hittir mig, mun drepa mig. Þá sagði Drottinn við hann: Fyrir því skal hver, sem drepur Kain, sæta sjöfaldri hegningu. Og Drottinn setti Kain merki þess, að enginn, sem hitti hann, skyldi drepa hann (1Mós 4.13–14).

Guð léttir honum byrðina og blessar hann án þess að dregið sé úr alvarleika brotsins. Í helgihaldinu léttir Guð sektarbyrði af einstaklingum, fjölskyldum eða þjóðum. Það gerist á táknrænan hátt fyrir atbeina prestsins.<sup>8</sup> Sektin er lögð á fórnardýr (3Mós 10.17; 16.21 o.áfr.) eða borin fram í bæn frammi fyrir Guði. Með fyrirgefningu sinni stöðvar Guð glötunarferlið sem maðurinn hefur komið sér í og opnar nýja lífsmöguleika fyrir samfélagið, fjölskyldur og einstaklinga. Það kemur því lítt á óvart að í sálum Gamla testamentisins eru mörg lofgjörðar- og þakkarljóð sem tengjast fyrirgefningu Guðs (sbr. „Til þín, Drottinn,

8 „En legg þú þig á vinstri hliðina og tak á þig misgjörð Ísraels húss. Alla þá daga, er þú liggur á henni, skalt þú bera misgjörð þeirra. Og tel ég þér misgjörðarar þeirra til jafnargra daga, þrjúhundruð og níutíu daga, og þannig skalt þú bera misgjörð Ísraels húss. Og þegar þú hefir fullnað þessa daga, þá skalt þú leggjast á hægri hliðina hið annað sinn og bera misgjörð Júda húss, fjörutíu daga. Tel ég þér dag fyrir ár hvert“ (Esk 4.4–6, sbr. Jes 53).

mæna augu mín, hjá þér leita ég hælis, sel þú eigi fram líf mitt.“ Slm 141.8; sjá einnig Slm 16.10).

#### 2.4 Fyrirgefning og fórn

Ritningin geymir alls kyns reglur um það hvernig bregðast skuli við ýmsum gerðum brota, hvort sem um einstaklinga, fjölskyldur eða þjóð er að ræða.<sup>9</sup> Hátíðir koma þar við sögu en ein sú mikilvægasta er friðþægingarhátíðin sem haldin var ár hvert í september. Hugmyndin um að einn taki á sig byrði annars er þungamiðja hinnar svonefndu friðþægingarhátíðar Ísraelsmanna. Æðsti presturinn skal taka tvo hafra og uxa, annar hafurinn er ætlaður sem friðþægingarfórn fyrir lýðinn frammi fyrir Drottni, hinum er sleppt út í eyðimörkina. Uxinn er friðþægingarfórn fyrir æðsta prestinn. Hafurinn sem fórnað var fyrir lýðinn á að slátra, taka nokkuð af blóði hans og stökkva því á lok sáttmálsarkarinnar og fyrir framan hana til að friðþægja fyrir syndir Ísraelsmanna.<sup>10</sup> Blóðinu er ætlað að hreinsa lýðinn af syndum hans. Þegar æðsti presturinn hefur hreinsað sig og söfnuðinn á hann að leggja hendur yfir hinn hafurinn og heimfæra þannig syndir lýðsins á hafurinn sem því næst ber syndir lýðsins út í eyðimörkina (3Mós 16). Synd sem veldur óeiningu Guðs og manns og manna í millum er borin út í eyðimörkina. Hafurinn ber sektina út úr samfélaginu og þannig verður til nýtt upphaf. Þessa fórn þurfti að endurtaka árlega þar sem menn féllu að nýju.

#### 2.5 Fyrirgefning og fyrirbæn

Fyrirgefning er einnig veitt vegna fyrirbænar þar sem einstaklingur biður fyrir hönd einhvers annars eða samfélagsins alls. Í Gamla testamentinu er greint frá því að ættfeður, prestar og spámenn sinni þessu hlutverki (1Mós 20.7; 2Mós 32; Am 7.1–6). Þeir stíga fram fyrir Guð og biðja fyrir þeim sem hafa brotið af sér, einnig fyrir þeim sem eru forhertir og iðr-

9 Í guðfræði prestaritsins er bæði helgihaldið og fyrirgefningin áberandi. Sjá: Schenker 2002, 663. Umfjöllun um þetta efni er einnig hjá Janowski 1982.

10 Lýsingar á hátíðinni allri má sjá í 3Mós 16. Í Róm 3.25 vísar Páll til hennar. Hann notar þar gríska hugtakið *hilasterion* (ἱλαστήριον) sem þýða má sem „náðarstóll“ en það vísar til loksins á sáttmálsörkinni (sbr. 3Mós 16.2, 14). Þeirri þýðingu er sleppt í íslensku biblíuþýðingunni 1981 og 2007 en vísað er til hugtaksins í neðanmálsgrein.

ast ekki. Þekkt er dæmið um fyrirbæn Móse eftir að hann kemur niður af fjallinu. Hann sér að fólkíð hefur búið til gullkálfs sem það dansar í kringum. Móse gerir sér grein fyrir alvarleika brots þjóðar sinnar og biður Guð að fyrirgefa henni (2Mós 32.11–14). Móse biður Guð um að þyrma fólkinu og býðst til að taka á sig sekt þess (2Mós 32.31–34). Svo segir hann: „Hafi ég, Drottinn, fundið náð í augum þínum, þá fari Drottinn með oss, því að þetta er harðsvíraður lýður. En fyrirgef oss misgjörðir vorar og syndir, og gjör oss að þinni eign“ (2Mós 34.9). Áhrif fyrirbænarinnar eru mikil því að vegna hennar snýst Guði hugur. „Þá iðraðist Drottinn hins illa, er hann hafði hótad að gjöra fólki sínu“ (2Mós 32.14).<sup>11</sup> Slíkar bænir birta djúpa þekkingu á eðli Guðs eins og sjá má af setningu eins og þessari: „Þú, Drottinn, ert góður og fús til að fyrirgefa, gæskuríkur öllum þeim er ákalla þig“ (Slm 86.5).

Fyrirgefningunni veldur maðurinn ekki sjálfur í raun, heldur er helgi-haldið tæki til að gera honum grein fyrir þeirri sekt sem á honum hvílir og um leið gildi þeirrar fyrirgefningar sem hann hefur aðgang að. Þessi víska verður einn meginþátturinn í helgihaldi Ísraelsmanna og sjálfs-skilningi þeirra í útleiddinni (á 6. öld f.Kr.) og síðar eftir heimkomuna. Fræðimenn hafa bent á mikilvægi miskunnar og fyrirgefningar Guðs í trúarlífi Ísraelsmanna.<sup>12</sup> Þessu er einnig ákveðið teft fram í Nýja testamentinu.

11 „En Móse reyndi að blíðka Drottin, Guð sinn, og sagði: Hví skal, Drottinn, reiði þín upptendrast í gegn fólki þínu, sem þú leiddir út af Egyptalandi með miklum mætti og voldugri hendi? Hví skulu Egyptar segja og kveða svo að orði: Til ills leiddi hann þá út, til að deyða þá á fjöllum uppi og afmá þá af jörðinni? Snú þér frá þinni brennandi reiði og lát þig iðra hins illa gegn fólki þínu. Minnst þú þjóna þinna, Abrahams, Ísaks og Ísraels, sem þú hefir svarið við sjálfan þig og heitið: Ég vil gjöra niðja yðar marga sem stjórnur himinsins, og allt þetta land, sem ég hefi talað um, vil ég gefa niðjum yðar, og skulu þeir eiga það ævinlega“ (2Mós 32.11–14).

12 Preuss 1991, 190–198; Spieckermann 1990, 1–18.

### 3. ORÐASAMBANDIÐ „FYRIRGEFNING SYNDANNA“ Í NÝJA TESTAMENTINU

#### 3.1 Inngangur

Þegar Nýja testamentið er lesið sést að orðið fyrirgefning er allajafna notað í tengslum við hugtakið synd og að saman mynda þau fast orðasamband: „fyrirgefning syndanna“. Um er að ræða guðfræðilegt hugtak sem hefur vítt merkingarsvið. Það kemur í ljós þegar innihald þess á grísku er athugað. Nafnorðið „fyrirgefning“ (ἄφεσις) þýðir: lausn, frelsun, skuldalúkning, eftirgjöf, afnám, niðurfelling eða uppgreiðsla skulda. Sögnin að fyrirgefa (ἀφίημι) merkir aftur á móti að losa undan, senda burt, yfirgefa, víkja til hliðar og sleppa. Merkingarsvið orðsins sýnir að hér er um tengslahugtak að ræða. Það lýsir grundvallarbreytingu í sambandi mannsins við aðra.<sup>13</sup> Orðasambandið „fyrirgefning syndanna“ ber því að skilja sem yfirhugtak sem skilgreinir stöðu mannsins frammi fyrir Guði og samskipti hans við náungann.

Þannig notar Páll postuli þessi hugtök um veruleika fyrirgefningarinnar. Hann talar um að syndir manna séu afmáðar, þær teknar burt, huldar, friðþægdar, greiddar eða bornar í burtu. Afleiðing fyrirgefningarinnar er því ný staða þar sem maðurinn er leystur úr ánaud og veitt frelsi. Kenning Páls um réttlætingu af trú er sett fram til að skilgreina þann veruleika sem felst í fyrirgefningu syndanna.<sup>14</sup> Hún er ekki einungis túlkuð sem frelsun úr skuldaánaud, heldur frelsun undan allri þeirri bælingu, oki og ánaud sem hugtakið synd nær yfir. Inntak fyrirgefningarinnar er að Guð tekur á sig glötun mannsins og sættir manninn við sig, sjálfan sig og náungann (2Kor 5.17–21). Hann tekur manninn skilyrðislaust að sér í Kristi og gerir að hann barni sínu (2Kor 5.21, sbr. Róm 3.21 o.áfr.; 4.22–25; Gal 3.6 o.áfr.). Inntakið er að maðurinn í Kristi er réttlættur af Guði og endurnýjaður (2Kor 5.17).

Í Gamla testamentinu er gert ráð fyrir að fyrirgefningin sé einungis á valdi Guðs, en í Nýja testamentinu er Jesú bætt við. Hún er inntakið í boðun Jesú um guðsríkið sem hann opinberaði í samskiptum við samborgara sína, en meðal þeirra voru m.a. tollheimtumenn og syndarar.

<sup>13</sup> Frankemölle 1992, 669; Leroy 1992, 439.

<sup>14</sup> Bultmann 1990, 509; Frankemölle 1992, 669.

Í guðspjöllunum er mikilvægi fyrirgefningarinnar þegar áréttað í upphafi boðunar Jesú (Mrk 1.4; 2.1–12). Boðunarstarf Jesú hefist í Lúkasarguðspjalli á tilvísun til upphafsorða Jes 61: „Andi Drottins er yfir mér, af því að hann hefur smurt mig. Hann hefur sent mig til að flytja fátækum gleðilegan boðskap, boða bandingjum lausn og blindum sýn, láta þjáða lausa og kunngjöra náðarár Drottins“ (Lúk 4.18–19). Gríska sagnorðið fyrirgefa (ἀφίημι) er hér réttilega þýtt með „að leysa bandingja“ og „láta þjáða lausa“. Fyrirgefningin er tengd raunverulegu frelsi, það er því ekki að undra að henni skuli einnig líkt við frelsun undan fargi skatta, uppgreiðslu lána eða niðurfellingu skulda (Matt 18.23–35).

Ef við reynum að taka saman merkingarsvið hugtaksins fyrirgefning í Nýja testamentinu kemur í ljós að fyrirgefningunni er líkt við lækningu af sjúkdómum, frelsun úr ánauð og þrældómi, niðurfellingu skulda, náðun fyrir rétti, afleiðingu friðþægingarfórnar og loks sem umbreytingu frá dauða til lífs.<sup>15</sup>

Nauðsynlegt er að þekkja þennan greinarmun áður en ein þekktasta umfjöllun Jesú um fyrirgefninguna er skoðuð, en hana má finna í fimmtu bæn faðirvorsins.

### 3.2 Faðirvorið

Fyrst er rétt að huga aðeins að tilurð og uppbyggingu faðirvorsins. Uppruna þess er svo lýst í Lúkasarguðspjalli:

Svo bar við, er Jesús var á stað einum að biðjast fyrir, að einn lærisveina hans sagði við hann, þá er hann lauk bæn sinni: Herra, kenn þú oss að biðja, eins og Jóhannes kenndi lærisveinum sínum. En hann sagði við þá: Þegar þér biðjist fyrir, þá segið: Faðir, helgist þitt nafn, til komi þitt ríki, gef oss hvern dag vort daglegt brauð. Fyrirgef oss vorar syndir, enda fyrirgefum vér öllum vorum skuldunautum. Og eigi leið þú oss í freistni (Lúk 11.1–4).

Greinilegt er að hér er um að ræða aðra gerð bænarinnar en þá sem við notum daglega. Hana er að finna í Matteusarguðspjalli, nánar

15 Það er notað í tengslum við sjúkdóma (Mrk 2.5; 10; Matt 9.2), félagsleg- og fjárhagsleg tengsl (Matt 6.11–12; Lúk 11.4 sbr. Jóh 8.1–11; Matt 18.32–35), í réttarfarslegu samhengi (Mrk 1.5; Lúk 24.47) eða helgihaldi (Matt 26.28; Róm 6.1–14) og tilvistarlegu samhengi (Lúk 5.17–26; 23.43; Matt .5.43–48; Jóh 8.11; 14.19). Greiningu á ritningarstöðum er að finna hjá Bultmann 1990, 508–509; Vorländer 1983, 1263–1267; Leroy 1992, 436–441; Frankemölle 1992, 669–671.

tiltekið í fjallræðunni. Helsti munurinn er sá að hjá Matteusi eru bænarefnin sjö, en hjá Lúkasi einungis fimm. Þannig vantar aðra bænina í Lúkasarguðspjalli: „verði þinn vilji svo á jörðu sem á himni“; einnig þá sjöundu: „frelsa oss frá illu.“ Auk þess notar Lúkas ekki orðin „faðir vor“ í upphafsávarpinu, heldur aðeins „faðir“. Loks má geta þess að í hvorugri gerðinni er að finna lofgjörðina „því að þitt er ríkið, mátturinn og dýrðin að eilífu. Amen.“<sup>16</sup>

Eins og gefur að skilja hafa þessar ólíku útgáfur valdið talsverðum heilabrotum. Snúum okkur fyrst að lofgjörðinni. Menn vita ekki með vissu hvenær henni var bætt við faðirvorið. Þó bendir allt til þess að það hafi verið mjög snemma, því að í elstu messuhandbók kristninnar — sem nefnist *Didache* eða Kenning postulanna frá því um 100 e. Kr. — má lesa faðirvorið í þeirri mynd sem það birtist í Matteusarguðspjalli með lofgjörðinni. Fræðimenn gera ráð fyrir að lofgörðin hafi snemma orðið hluti af bæninni. Það samræmist einnig bænahefð gyðinga því að á tíma Jesú enduðu bænir þeirra með álíka lofgjörð.<sup>17</sup> Til að gera langt og flókið mál stutt má draga það saman á eftirfarandi hátt: Skýring Lúkasar á tilurð faðirvorsins er mjög líkleg. Af lestri guðspjallanna má sjá að Jesús lifði ríku bænalífi. Í ræðum sínum talar hann oft um bænina og gagnrýnir alla sýndarmennsku tengda henni (sbr. Matt 6.5–9, Lúk 11.5–13; 18.1–8; 9–14). Jesús hefur bæði leiðbeint lærisveinum sínum í bænalífi og samið bænir fyrir þá. Frásagan í Lúkasarguðspjalli lýsir slíkri leiðsögn.<sup>18</sup> Jesús semur faðirvorið handa lærisveinum til að þeir geti stuðst við hana þegar þeir orða eigin bænir. Faðirvorið er ekki hugsað sem staðlaður eða óumbreytanlegur texti, það staðfesta tvær ólíkar útgáfur þess í Nýja testamentinu. Þetta sést einnig á notkunarsögu faðirvorsins enda er það allajafna notað við upphaf eða lok bænar sem nokkurs konar rammi utan um persónulega bæn.

Í bókinni *Faðirvor* segir nýjatestamentsfræðingurinn Marc Philonenko að Jesús hafi að öllum líkindum stuðst við eigin bæn er hann samdi faðirvorið fyrir lærisveinana. Upphafsorðin „faðir vor“ vísa til ávarps Jesú til Guðs sem hann kallaði föður sinn eða pabba (*abba* á

16 Í íslensku Biblíuútgáfunni frá 1981 er þess getið að lofgjörðina vanti í sum handrit, sbr. Matt 6.13.

17 Niederwimmer 1993, 169–173.

18 François Bovon bendir í þessu samhengi á að það var hluti af kennslu rabbía að kenna lærisveinum sínum að biðja. Sjá: Bovon 1996, 124.

arameísku) á næsta persónulegan hátt. Slíkt ávarp var fyrir gyðinga í samtíð hans nær óhugsandi<sup>19</sup> því að í huga þeirra var heilagleiki Guðs þess eðlis að menn þorðu ekki að nefna nafn Guðs. Þeir notuðu frekar önnur heiti sem vísuðu til hans eins og t.d. Nafnið eða Himinninn.<sup>20</sup> Sérstaða Jesú er að hann segir að Guð sé nálægur, í boðun, verkum og umfram allt í honum sjálfum. Þessi nálægð er sett á oddinn þegar Jesús ávarpar Guð sem föður sinn. Philonenko telur að bæn Jesú hafi upphaflega verið svo: „Faðir (*abba*), helgist þitt nafn! Tilkomi þitt ríki! Verði þinn vilji!“ Hann hafi síðan bætt hinum fjórum almennu bænarefnum við er hann samdi faðirvorið.<sup>21</sup>

Þessi kenning er nokkuð sannfærandi og skýrir vel uppbyggingu faðirvorsins. Þegar við förum með faðirvorið verðum við strax vör við að það er samsett úr þremur bænum sem ávarpa Guð með orðinu „þú“ (1. helgist þitt nafn, 2. verði þinn vilji, 3. tilkomi þitt ríki) og fjórum þar sem Guð er ávarpaður með fleirtöluorðum (4. gef oss, 5. fyrirgef oss, 6. leið oss og 7. frelsa oss). Annað sem mönnum hefur löngum verið ljóst er að faðirvorið hefur vissa samsvörun við boðorðin tíu og skiptingu þeirra. Eins og kunnugt er skiptast boðorðin í tvær töflur. Fyrstu þrjú mynda fyrri töfluna og snúa að Guði, en hin sex, fjórða til tíunda boðorðið, snúa að náunganum og mynda síðari töfluna. Sömu skiptingu má sjá í faðirvorinu. Fyrstu þrjú bænarefnin hafa beina samsvörun við fyrstu þrjú boðorðin (fyrri töfluna) og í bænarefnunum fjórum eru boðorðin sem snúa að náunganum reifuð (síðari taflan).<sup>22</sup> Jesús hefur því ekki einungis gert sína bæn að bæn lærisveinanna, heldur skýrt hana og tengt veruleika mannsins alls.<sup>23</sup>

### 3.3 Fyrirgefningin og faðirvorið

Fimmta bæn faðirvorsins hljóðar svo í Matteusarguðspjalli: „Fyrirgef vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum“ (Matt 6.12) en í Lúkasarguðspjalli: „Fyrirgef oss vorar syndir, enda fyrirgefum vér öllum vorum skuldunautum“ (Lúk 11.4). Annars vegar er rætt um fyrirgefningu og skuldir og hins vegar fyrirgefningu og syndir. Hér er

19 Philonenko 2002, 37; Strecker 1985, 115–116.

20 Philonenko 2002, 37–43.

21 Sama, 20–21.

22 Sigurjón Árni Eyjólfsson 2004, 60–64.

23 Philonenko 2002, 23.

ekki endilega um tvo ólíka hluti að ræða því aremeíska orðið hóbáh sem liggur gríska textanum til grundvallar getur bæði þýtt sekt (ὀφείλημα) og synd (ἁμαρτία).<sup>24</sup> Í Lúkasarguðspjalli tengist bænin við almenna stöðu mannsins sem syndara í heiminum en í Matteusarguðspjalli við sektina og er það nær upprunalegri merkingu orðsins.<sup>25</sup> Hugtakið skuldir (ὀφείλημα) er á grísku notað um fjárskuldir enda hafði það upphaflega merkinguna lán (sbr. Matt 18.27). Í bæninni er því vísað til þess veruleika þegar menn losna undan skuldavöð með niðurfellingu skulda eða uppgreiðslu lána. Óneitanlega fylgir slíku mikill léttir og frelsi. En Jesús notar hér einnig sama orðfæri og þekkt er í 3. og 5. Mósebók.<sup>26</sup> Þar er greint frá því að sjöunda hvert ár skuli losa menn úr skuldaánaud. Lög Móse kveða á um að þeir sem hneptir voru í þrældóm vegna vanskila yrðu látnir lausir að sjö árum liðnum. Í Mósebókum er einnig að finna ákvæði um að á fimmtíu ára fresti skuli allir stórsamningar ganga til baka (5Mós 15.12–18; 3Mós 25.8–22). Ættstofnar og ættir í Ísrael að fornu höfðu hver fyrir sig úthlutað landsvæði til ábúðar. Þjóðinni var meinað að selja þessar jarðir til frambúðar, en fjölskyldur og ættir gátu leigt þær allt til fimmtíu ára. Eftir þann tíma áttu eignirnar að ganga til baka. Þetta ákvæði var sett, ekki aðeins til að koma í veg fyrir að ein kynslóð liði fyrir gjörðir annarrar, heldur líka til að koma í veg fyrir að eignir þjóðarinnar færðust á hendur fárra einstaklinga. Hvort ákvæðið var virt er allt önnur saga.<sup>27</sup>

Þekkt var í fornöld að yfirvöld felldu niður skuldir eða skatta og beið alþýða manna með eftirvæntingu eftir slíkum atburðum því að þeir breyttu stöðu hennar verulega.<sup>28</sup> Jesús vísar til þessa en tengir bænarorðin „fyrirgef oss vorar skuldir“ við uppgjörið á efsta degi frammi fyrir dómstóli Guðs. Sú niðurfelling eða syndafyrirgefning sem þar fæst markar upphaf eilífs náðarárs Drottins. Í faðirvorinu er Guð beðinn um að losa manninn við allar byrðar sama hvers eðlis þær eru. Á öðrum stað í guðspjallinu sýnir Jesús með dæmisögu hve óendanleg fyrirgefningin

24 Sama, 88–89.

25 Strecker 1985, 124.

26 „Sérhver lánardrottinn skal veita umlíðun á því, sem hann hefir lánað náunga sínum. Hann skal eigi ganga hart að náunga sínum og bróður, því að umlíðun hefir boðuð verið Drottni til dýrðar“ (5Mós 15.2).

27 Sigurjón Árni Eyjólfsson 2004, 440–444.

28 Philonenko 2002, 90.

er og hverjar afleiðingar hennar eiga að vera í lífi mannsins. Dæmisagan greinir frá konungi einum sem vegna grátbeiðni þjóns síns fellir niður skuld hans sem nam mörgum árstekjum ríkisins. Þjónninn aftur á móti lærði ekkert af miskunnarverkinu og sýndi stuttu síðar samþjóni sínum mikla hörku við innheimtu smáskuldar sem sá gat ekki greitt. Þegar konungurinn heyrði af þessu afturkallaði hann niðurfellinguna (Matt 18.21–35). Upphæðin í dæmisögunni á að sýna að mannum er um megn að frelsa sjálfan sig og um leið á hún að gera menn meðvit- aða um það frelsi og þá ábyrgð sem fyrirgefningin veitir. Myndin sem Jesús dregur upp í fadirvorinu er þessi: Guð hefur með fyrirgefningu sinni rutt öllu úr veginum sem skilur að Guð og mann. Persónulegt kärleikssamband Guðs við manninn skiptir hann öllu máli.

### 3.4 Merking bænarinnar á jarðvistardögum Jesú

Bænin „fyrirgef oss vorar skuldir“ (ἀφίημι) vísar einnig til úrslitaatburð- ar, þar sem staða mannsins var gerð upp. Öllum ritum Nýja testamentis- ins ber saman um að friðþægingardauði Jesú sé sá atburður. Við kvöld- máltíðina túlkar Jesús dauða sinn með eftirfarandi orðum: „Þetta er blóð mitt, blóð sáttmálans, úthellt fyrir marga til fyrirgefningar synda“ (Matt 26.28). Hann sér í dauða sínum endanlegan dóm yfir synd eða fíringu manns og heims.<sup>29</sup> Gjaldið eða afleiðingu syndarinnar tekur Jesús á sig og greiðir að fullu. Matteus skrifar guðspjall sitt til safn- aðar sem lifir í og af þessari fyrirgefningu. Hún mótar því jafnt fortíð, nútíð og framtíð. Fyrirgefningin er þannig veruleiki sem umvefur allt líf mannsins. Lífið á því að bera þessari sátt Guðs og manns vitni og frelsinu sem af henni vex.

### 3.5 Líf í fyrirgefningu

Af setningunni „fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum“ má ætla að fyrirgefning Guðs sé skilyrt. Með öðrum orðum: Fyrst maðurinn, svo Guð.<sup>30</sup> Þessi túlkun stenst þó ekki

29 Gnllka 1988, 224–225; Strecker 1985, 125.

30 Georg Strecker bendir á þetta og telur að hér komi fram afgerandi munur á guðfræði Matteusar og Páls postula. Matteus þekkir að mati hans ekki til kenningar Páls um réttlætningu af trú. Hann fylgir í framsetningu sinni gyðinglegum skilningi á fyr- irgefningunni. Sjá: Strecker 1985, 126. Strecker varar þó við að lesa of mikið inni

þar sem fyrirgefning Guðs er forsenda fyrirgefningar mannsins.<sup>31</sup> Hafa þeir í huga að fyrirgefningarhugtakið er sambandshugtak. Guð sem maðurinn biður til mótar hann frá hjartans grunni (sbr. upphafsorðin: „Faðir vor“). Faðirvorið gerir manningnum ljóst að Guð gengst við honum eins og hann er. Þegar maðurinn gerir sér grein fyrir því lærir hann að gangast við sjálfum sér og náunganum. Fyrirgefning mannsins er þannig bein afleiðing fyrirgefningar Guðs.<sup>32</sup>

Af ofangreindu er ljóst að hugtakið fyrirgefning stendur fyrir mun róttækari veruleika en venja er að tengja við það orð. Fyrirgefning er ekki það sama og að segja: „Afsakið“. Hvað þá að biðjast fyrirgefningar án þess að meina nokkuð með því. Náð Guðs er dýr! Á krossinum kallaði Jesús Kristur ekki til þeirra sem píndu og hæddu hann: „Ég fyrirgef ykkur“, heldur: „Faðir, fyrirgef þeim, því þeir vita ekki, hvað þeir gjöra“ (Lúk 23.34). Til að geta tekið við fyrirgefningu verður maðurinn að biðjast fyrirgefningar og gera sér grein fyrir hvað í því felst. Það er gert þegar beðið er: „Fyrirgef oss vorar syndir.“ Í þeirri bæn biðjum við um eilíft líf með Guði föður og í fullvissu um að hann veiti það. Því allt líf og starf Jesú er „já“ Guðs við þeirri bön. Eða eins og Páll orðar það: „Sonur Guðs, Jesús Kristur, sem vér höfum prédikað á meðal yðar, [...] var ekki bæði já og nei, heldur er allt í honum já“ (2Kor 1.19).

### 3.6 Áhersla guðspjallanna á fyrirgefningu syndanna

Í guðspjöllunum kemur skýrt fram hve miðlæg fyrirgefningin var í boðun Jesú. En þegar guðspjöllin eru athuguð kemur í ljós áherslumunur innan þeirra, hvert og eitt þeirra setur í forgrunn ákveðin atriði varðandi fyrirgefninguna.

Markús hefur guðspjall sitt með því að greina frá boðun Jóhannesar skírara og skilgreinir starf hans sem undirbúning fyrir komu Jesú.<sup>33</sup> Það sem sameinar þessa tvo er að þeir prédika fyrirgefningu Guðs, en hvor

í þetta og ítrekar að túlka verði þetta vers í heild bænarinna sem hafi að forsendu náðarvilja Guðs sem kemur þegar fram í ávarpinu „faðir vor“ (*abba*). Sama, 116.

31 Gnika 1988, 225.

32 Þetta kemur skýrar fram í bæninni í Lúkasarguðspjalli: „Fyrirgef oss vorar syndir, enda fyrirgefum vér öllum vorum skuldunautum“ (Lúk 11.4). Hvers eðlis syndarfyrirgefning Guðs er kemur fram í orðum Jesú á krossinum: „Faðir, fyrirgef þeim, því þeir vita ekki, hvað þeir gjöra“ (Lúk 23.34).

33 „Sjá, ég sendi sendiboða minn á undan þér, er greiða mun veg þinn. Rödd hróp-

á sinn máta. Jóhannes boðar iðrunarskírni til fyrirgefningar syndanna (Mrk 1.4–5), enda staðsetur Markús hann innan þeirrar gyðinglegu hefðar sem kenndi að Guð veitti fyrirgefningu sína óháð musterisþjónustunni í Jerúsalem.<sup>34</sup> Markúsi er umhugað að tengja boðun Jóhannesar og Jesú sem sterkustum böndum. Markús sleppir því þeim þætti í kenningu Jóhannesar skírara sem snýr að hinum komandi dómi.<sup>35</sup>

Jesús vísar aftur á móti ekki til væntanlegrar fyrirgefningar, eins og Jóhannes, heldur segir að hún sé þegar að verki í boðun hans og starfi. Í skírni Jesú opinberast umboð hans frá Guði (Mrk 1.10–12) til að grípa inn í þjáningarferli manna og frelsa þá undan oki syndar og illsku, þjáningar og einangrunar. Jesús gerir það þegar hann fyrirgefur manninum og reisir hann upp til lífs. Í öðrum kafla Markúsarguðspjalls er þetta útskýrt nánar, en þar er greint frá deilu Jesú við farísea um rétt hans til að fyrirgefa syndir. Þar segir: „Þá er Jesús sér trú þeirra, segir hann við lama manninn: Barnið mitt, syndir þínar eru fyrirgefnar“ (Mrk 2.5). Í frásögunni eru lækning og fyrirgefning lögð að jöfnu. Samkvæmt Gamla testamentinu er Guð sá eini sem hefur vald til að fyrirgefa syndir. Hann er sá sem gefur manninum heilsu og heilbrigði (Slm 25.18; 45.5; 75.9; 103.3). Þar skilgreinir Guð sjálfan sig svo: „Ég er Drottinn, græðari þinn.“ (2Mós 15.26). Jesús tekur við þessu hlutverki Guðs.<sup>36</sup> Hið eiginlega kraftaverk í frásögunni er því ekki lækningin, heldur fyrirgefning syndanna (Mrk 2.9–11). Í Markúsarguðspjalli er lögð áhersla á að andinn sem hvíldi yfir Jesú við skírni hans starfi nú í söfnuðinum sem veitir meðlimum hans kraft til að boða fagnaðar-erindið og vald til að fyrirgefa syndir.<sup>37</sup>

Matteusar- og Lúkasarguðspjall endurspeglar stöðu kristinna safnaða undir lok fyrstu aldar og kemur sú áhersla fram í umfjöllun þeirra um fyrirgefninguna.<sup>38</sup>

Í Matteusarguðspjalli er fyrirgefningin megininntak boðunar Jesú, hún er færð framár í frásögnina og bundin nafngjöf hans. Í draumi

anda í eyðimörk: Greiðið veg Drottins, gjörið beinar brautir hans“ (Mrk 1.2–3, sbr. Jes 40.3). Hann ritar guðspjall sitt um 60 e.Kr. Sjá: Schnelle 1999, 218.

34 Frankemölle 1992, 673.

35 Markús greinir sig hér frá Q-heimildinni. Gnllka 1994, 41.

36 Frankemölle 1992, 673; Leroy 1992, 438.

37 Leroy 1992, 439.

38 Schnelle 1999, 238 og 259.

segir engill við Jósef: „Hann skaltu láta heita Jesú, því að hann mun frelsa lýð sinn frá syndum þeirra“ (Matt 1.21) og stuttu síðar er nafn hans útlagt Immanúel sem „þýðir: Guð með oss“ (1.23). Matteus skrifar guðspjall sitt fyrir gyðingkristna sem vissu að sérnafnið Jesús var tilbrigði við nafnið Jósúa og jafnvel Jesaja sem þýðir, „Jahve er hjálpræðið“ eða „Jahve hjálpar/hefur hjálpað“.<sup>39</sup> Matteus dregur þannig strax fram mikilvægi fyrirgefningarinnar: Jesús er fyrirgefningin holdi klædd. Í Matteusguðspjalli kemur fram að Jóhannes skynjar þetta og vill meina Jesú að skírast: „Mér er þörf að skírast af þér, og þú kemur til mín! Jesús svaraði honum: Lát það nú eftir. Þannig ber okkur að fullnægja öllu réttlæti. Og hann lét það eftir honum“ (Matt 3.14–15). Hvernig ætti sá sem veitir fyrirgefningu að vera viðtakandi hennar á sama tíma? Nýjatestamentisfræðingurinn Hubert Frankemölle segir að þessi áhersla komi einnig fram í innsetningarorðum kvöldmáltíðarinnar (Matt 26.28). Þar er fyrirgefningin tengd krossdauða Jesú. Hún er síðan túlkuð í ljósi fórnarskilnings friðþægingarhátíðar Hebraea (sbr. 3Mós 4 og 5; 2Mós 24.8) og þjónsljóðum Jesaja (Jes 53).<sup>40</sup> Á hinni árlegu friðþægingarhátíð færði æðstipresturinn fórn í musterinu. Hún átti að tryggja trúarsamfélaginu friðþægingu og fyrirgefningu út kirkjuárið. Í guðspjallinu er vísað til þessarar hefðar þegar fjallað er um að fórn Jesú á krossinum: hún er hin fullkomna fórn. Hún friðþægir og sættir í eitt skipti fyrir öll Guð, mann og heim. Fórnin er skilin sem bein afleiðing fyrirgefningarvilja Guðs og hún er nú orðin að grundvelli fyrirgefningar manna á meðal. Kristnir menn lifa því í og af henni, hún mótar sjálfskilning þeirra og breytni. Hve miðlægt vægi hennar er sést af því að hún er bundin skírninni og er þar með grundvöllur samfélagsins í söfnuðinum og kirkjunni (Matt 28.18–20).

Í Lúkasarguðspjalli hefur skírn og fyrirgefning svipað vægi og hjá Matteusi. Inntak boðunar Jesú og postulanna er „að prédika skuli í nafni hans öllum þjóðum iðrun til fyrirgefningar synda“ (Lúk 24.47, sbr. Post 2.38).<sup>41</sup> Lúkas setur prédikun Jóhannesar skírara í þetta samhengi og lætur Jesú hefja boðun sína með beinni tilvísun í fyrirgefninguna

39 Rengstorff 1983, 758.

40 Frankemölle 1992, 674. Hann bendir jafnframt á að píslarvættislýsingar úr Makkebeabókunum skipti Matteus sömuleiðis máli fyrir túlkunina á dauða Jesú: 2Makk 6.27; 7.9; 14.37; 4Makk 1.11; 6.27 o.áfr.; 17.21.

41 „Pétur sagði við þá: Gjörðið iðrun og látið skírast hver og einn í nafni Jesú Krists

(Lúk 4.38). Í Lúkasarguðspjalli er mikið fjallað um fyrirgefninguna og vægi hennar í persónulegum tengslum mannsins, jafnt við Guð og náungann.<sup>42</sup> Þessi þáttur er t.d. dreginn fram í frásögunni um bersyndugu konuna. Í henni er greint frá deilu Jesú við farísea. Þar segir: „Þess vegna segi ég þér: Hinar mörgu syndir hennar eru fyrirgefnar, enda elskar hún mikið, en sá elskar lítið, sem lítið er fyrirgefið. Síðan sagði hann við hana: Syndir þínar eru fyrirgefnar“ (Lúk 7.47–49). Það má auk þess lesa dæmisögur Jesú um týnda sauðinn, týndu drökmuna og týnda soninn (Lúk 15) sem útfærslu á fyrirgefningarboðskapnum. Í guðspjalli Lúkasar nær útfærsla þessa boðskapar hápunkti í orðum Jesú á krossinum: „Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki, hvað þeir gjöra.“ (Lúk 23.34).

Áberandi er í Lúkasarguðspjalli að eina krafan sem sett er á oddinn varðandi fyrirgefninguna er að maðurinn meðtaki hana (Lúk 17.39; 21.21; 26.30). Lúkas notar frásagnarformið til að skýra réttlættingarkenningu Páls og er óhætt að segja að áhersla á náðina eina (*sola gratia*) sé meginefni guðspjallsins.<sup>43</sup>

Í Jóhannesarguðspjalli er umfjöllunin um fyrirgefningu syndanna bundin við samfélag trúaðara (Jóh 20.21). Í guðspjallinu eru hugtök eins og helga, hreinsa og nema burt, notuð þegar lýsa á veruleika hennar. Í lok guðspjallsins er sagt frá því þegar Jesús sendir lærisveina sína út til að boða fagnaðarerindið og fyrirgefninguna eins og hann gerði. Áhrifum syndafyrirgefningar er lýst í Jóhannesarguðspjalli með orðalagi eins og að stíga skrefið frá vantrú til trúar, frá myrkri til ljóss, dauða til lífs o.s.frv. (Jóh 8.21; 9.41; 3.19; 9.39). Í fyrra Jóhannesarbréfi er hugtakið fyrirgefning aðallega notað um samband einstaklinga innan safnaðarins. Áhersla hvílir á þeirri stöðu sem einstaklingurinn nýtur vegna hennar. Fyrirgefningin á að móta líf hans og er varað við því að hefja sig yfir hana (1Jóh 1.7–10).

Af ofangreindu er ljóst að samkvæmt Markúsarguðspjalli er mesta kraftaverkið í starfi Jesú fyrirgefning syndanna. Í Matteusarguðspjalli er þessi áhersla tengd beint við persónu Jesú þar sem á hann er litið sem holdtekningu fyrirgefningarinnar og auk þess er áhersla lögð á gildi

til fyrirgefningar synda yðar; þá munuð þér öðlast að gjöf heilagan anda“ (Post 2.38).

42 Bovon 1989, 247–248.

43 Frankemölle 1992, 675, sbr. Leroy 1992, 440.

hennar í lífi safnaðarins. Lúkas tengir aftur á móti fyrirgefninguna beint við réttlætningarkenninguna eða náðina eina. Hún er auk þess útfærð í frásögum og dæmisögum. Jóhannes notar hugtakið ekki beint, heldur grípur til annarra hugtaka og myndmáls þegar hann fjallar um boðun hins jarðneska Jesú en gerir fyrirgefninguna að miðlægu hugtaki fyrir öll samskipti innan safnaðarins.

#### 4. TÚLKUN ÁGÚSTÍNUSAR Á FIMMTU BÆN FAÐIRVORSINS

##### 4.1 *Vægi bænarinnar*

Í Nýja testamentinu birtist friðþægingardauði og upprisa Jesú Krists sem grundvöllur fyrirgefningarinnar. Hún byggist á verki Guðs föður og sonarins Jesú Krists, þ.e.a.s. þeirri áherslu að hjálpræði mannsins sé að finna í Kristi. Þetta tengdu kirkjufedeðurnir við fimmtu bæn faðirvorsins: „Og fyrirgef oss vorar skuldir svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum“ (Matt 6.12). Ágústínus kirkjufaðir verður hér fyrir valinu sem verðugur fulltrúi kirkjufedranna og verður fjallað nokkuð um túlkun hans.

Ágústínus (354–430) var prestur (391) og síðar biskup í Hippo Regius (396) í Norður-Afríku. Hann lagði grunninn að sjálfstæðri guðfræðisíðkun vesturkirkjunnar og er guðfræði hans mótandi allt til þessa dags, bæði í rómversk-katólsku kirkjunni og kirkjudeildum mótmælenda. Ágústínus leggur út af faðirvorinu í prédikunum á tímabilinu 391–395 sem gefin var út í bókformi árið 396.<sup>44</sup> Hann fylgir þeirri hefð að fjalla fyrst um bænina um fyrirgefningu Guðs: „Fyrirgef oss vorar skuldir [syndir í Lúk 11.4]“ áður en hann tekur fyrir afleiðingu hennar sem er að fyrirgefa „vorum skuldunautum.“<sup>45</sup>

Í framsetningu sinni tekur Ágústínus fyrst fyrir þann skilning Nýja testamentisins á skírninni að maðurinn fái í henni fulla hlutdeild í sigri Krists yfir synd og dauða. En ef svo er — spurðu menn — af hverju þarfnast þá skírðir einstaklingar fyrirgefningar eins og vísað er til í faðirvorinu. Stendur hún ekki í andstöðu við skírnarnáðina og það að manningum sé í henni í eitt skipti fyrir öll fyrirgefni? Ágústínus segir að

44 Ágústínus 1977, 11–13.

45 Peters 1992, 139–140. Sjá tilvitnanir þar í Órígenes, Kyprian og Gregor frá Nyssan.

Þessi ábending eigi rétt á sér en að menn gleymi að kristin trú er lifandi veruleiki í tíma og rúmi. Ágústínus líkir lífi hins trúaða þannig við skip og segir að þó að það sé sjófært fyrir skírnina merki það ekki að menn séu lausir við að ausa vatni úr því á siglingu þess í lífsins ólgu sjó.<sup>46</sup> Það eitt komi í veg fyrir að skipið sökkvi en við það starf þurfi maðurinn bæði að nota rödd sína og hendur. Í trúarlífinu notar einstaklingurinn jafnt bæn og ölmusugjafir við það verk og verði að halda sér frá öllu sem afvegaleiðir. Auk þess beri honum að verja trú sína í orði og verki. Ágústínus vísar hér til þess veruleika að maðurinn er flæktur í flókið net orsaka og afleiðinga, þar sem hvort tveggja gjörð og afskiptaleyfi kalla sekt yfir manninn. Sú sekt snýr bæði að samskiptum mannsins við Guð og menn. Ágústínus talar um að eðli syndarinnar komi fram í „því að vilja horfa á það sem við eigum ekki að sjá [...] að hlusta eftir því sem við eigum að leiða hjá okkur [...] og tala um það sem á að þegja um.“<sup>47</sup> Ágústínus fjallar um þann skaða sem illt umtal veldur og fálætið sem menn temja sér gagnvart því sem snýr að Guði. Með þessu hátterni ýti menn undir guðlast annarra. Hann þrengir enn sjónarhornið þegar hann segir: „Bræður [og systur], er hugurinn ekki oft annars staðar en skildi í bænum ykkar, og gleymum við ekki frammi fyrir hverjum við stöndum?“<sup>48</sup> Þegar allar þessar smáu syndir koma saman eru þær sem sandur á strönd þar sem sandkornin eru smá en mörg. Þetta sýnir hversu nauðsynleg dagleg fyrirgefning Guðs er. En í fimmtu bæn faðirvorsins er henni mætt. Jesús Kristur kennir því mannum bænina til þess að koma í veg fyrir að hann hrokist upp og læri að sýna auðmýkt bæði gagnvart sjálfum sér og Guði. Sömu áherslu má þegar finna í fyrsta Jóhannesarbréfi en þar segir: „Ef vér segjum: vér höfum ekki synd, þá svíkjum vér sjálfa oss og sannleikurinn er ekki í oss, en ef vér játum syndir vorar, þá er hann trúr og réttlátur, svo að hann fyrirgefur oss syndirnar og hreinsar oss af öllu ranglæti“ (1Jóh 1.8–9).<sup>49</sup>

#### 4.2 Fyrirgefning og breytni

Í deilum sínum við Pelagíus og verkréttlætningarkenningu hans útskýrir Ágústínus þessa hugsun nánar. Þar leggur hann einkum áherslu á þrennt.

46 Ágústínus 1977, 249 (prédikun nr. 56, 11).

47 Sama, 250 (56, 12).

48 Sama, 251 (56, 12).

49 Sama, 248 (56, 11).

Í fyrsta lagi að staða mannsins í tilverunni er þess eðlis að hann getur ekki lifað og starfað án þess að syndga. Í annan stað er maðurinn ófær um að ávinna sér náð Guðs með verkum sínum, því að náðin er að öllu leyti gjöf hans. Og loks að syndafall Adams í frumbersku mannkyns hefur spillt mannlegu eðli og eitrad það. Vegna falls Adams varð mannkynið hrifið inn í glötunarferli. Í skírnarathöfninni er þessi tilvistarstaða mannsins staðfest, en jafnframt yfirstigin. Ágústínus leggur þess vegna ríka áherslu á það að Guð einn frelsi manninn undan ægivaldi illsku, syndar og dauða.<sup>50</sup> Skírn ungbarna áréttar þetta sérstaklega (*gratia sola*). Náðin sem maðurinn meðtekur endurreisir vilja hans og vekur hjá honum löngun til að hlýða Guði og láta kærleik hans móta allar gjörðir. Í þessari viðleitni styður náðin manninn (*gratia mecum*). Þessi samverkandi náð tengist verkum mannsins og viðheldur náðarstöðu hans (*donum perseverantiae*).<sup>51</sup> Guð verndar manninn á þennan hátt og styrkir lífsgöngu hans.

Síðari hluti bænarinna — „svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldnautum“ — reyndu kirkjuféðurnir að skýra sem almenna umgengnisreglu. Þeir lögðu á það áherslu að fyrirgefning Guðs veitti mannum kraft til að miðla henni áfram. Vandinn sem þeir stóðu frammi fyrir var að bænin virðist gera þá fyrirgefningu sem snýr að náunganum að forsendu fyrirgefningar Guðs.<sup>52</sup> Kristinn einstaklingur lifir samkvæmt þessu í spennu milli þess að vera aðnjótandi fyrirgefningar og erfðleikanna að vera farvegur hennar til náungans. Þegar fyrirgefning Guðs er bundin vilja mannsins á slíkan hátt veldur það streitu og hugarangri.

Ágústínus leitast við að leysa þennan vanda með því að leiða fyrirgefningarvilja mannsins af fyrirgefningu Guðs. Hann byrjar á því að skilgreina stöðu mannsins sem einstaklings og gildi fyrirgefningarinnar fyrir sálarlíf. Maðurinn verður að fyrirgefa til þess að létta byrði reiðinnar af hjartanu.<sup>53</sup> Guð hefur í skírinni lyft bæði oki erfðasyndarinnar af mannum og þeim daglegu syndum sem hann drýgir í hugsun, orði og verki. Í þessari vissu á maðurinn að koma fram fyrir Guð í bæn. Ágústínus tekur síðan fyrir vandann sem fylgir boðorðinu um að fyrirgefa óvini sínum. Óvinir kalla vissulega fram reiði og hatur í mönnum.

50 Peters 1992, 140. Sjá tilvitnanir þar.

51 Tilvitnun fengin hjá: Peters 1992, 141.

52 Peters 1992, 141.

53 Ágústínus 1977, 251 (56, 13).

Ágústínus lítur svo á að enginn komist í gegnum lífið án þess að eignast hatursmenn. En hann segir:

Enginn fjandmaður getur í reiði sinni sært þig eins mikið og þú sjálfur, þess vegna átt þú að elska óvin þinn. Hann getur [að vísu] eyðilagð bújörð þína eða hjörð; spillt heimilishaldi þínu, þjóni og þernu, syni og konu. Hann getur sært þig á líkama ef hann hefur vald til þess. En — öfugt við þig — getur hann ekki sært sálu þína.<sup>54</sup>

Slíkt er einungis á valdi einstaklingsins sjálfs, í mótlæti verður maðurinn því að minnast þess að sálin tilheyrir ríki himinsins en ekki jarðarinnar. Ef maðurinn virðir þetta, sér hann andstæðing sinn með augum Guðs og greinir veikleika hans. Það liggur ekki í eðli hans að vera „fjandmaður þinn, það eru lestirnir sem valda því“. Hann er maður eins og þú, því að „þið báðir hafið þegið sál ykkar frá Guði“.<sup>55</sup> Og vegna sameiginlegra frumforeldra, Adams og Evu, þá er þessi mótstöðumaður bróðir eða systir. Ágústínus varar menn við því að láta reiði sína ræna fjandmanninn mennsku sinni. Hana ber að virða og skilja frá illsku hans. Boð Jesú um að elska óvin sinn er ákall um að meta mennsku mannsins sem allir deila. „Láttu því bæn þína beinast gegn illsku óvinarins til þess að hún hverfi og hann megi lifa.“<sup>56</sup>

Ágústínus gerir sér fulla grein fyrir þeim erfiðleikum sem fylgja þessari viðleitni vegna þess að ítök ótta og reiði í huga og hjarta eru sterk. Einmitt þess vegna áminnir Guð manninn og hjálpar honum til að losa um þau. Hann gerir manninum kleift að fyrirgefa óvini sínum af hjarta. Í þessu samhengi vísar Ágústínus til orða Jesú á krossinum: „Faðir, fyrirgef þeim, því þeir vita ekki, hvað þeir gjöra“ (Lúk 23.34).

Ágústínus segir að fyrirgefningin verði fyrst raunveruleg í lífi óvinarins þegar hann biðst fyrirgefningar. Þegar hann gerir það ber kristnum manni að veita honum fyrirgefningu. Ágústínus varar við því að maðurinn vanmeti bónina, því að það er ekki mannsins að rannsaka hug og hjarta. Hann segir: „Ef þú getur ekki elskað fjandmann þinn þegar hann er þér andsnúinn, reyndu það þá að minnsta kosti þegar hann

54 Sama, 252 (56, 14).

55 Sama, 252–253 (56, 14).

56 Sama, 253 (56, 14).

biðst fyrirgefningar,“ og bætir við að „nafn þess sem neitar slíkri bön muni afmáð úr bók lífsins [Opb 3.5].“<sup>57</sup>

Niðurstaða Ágústínusar er sú að markmið síðari hluta bænarinnar sé að leysa hjartað úr ánaud haturs og efla viljann til að leiðrétta þann sem braut af sér. Ferlið er skýrt: iðruninni fylgir fyrirgefning og andsvarið við fyrirgefningu á að vera að gangast við afbrotinu og sýna ábyrgð.<sup>58</sup>

Að mati þýska guðfræðingsins Albrechts Peters varð áherslan á síðari hluta bænarinnar ofan á á miðöldum og þar með skilyrti hann fyrri hlutann. Innan skólaspekinnar eru settar fram flóknar kenningar um iðrunina og hlutverk hennar. Milli fyrirgefningar Guðs sem forsendu fyrirgefningar mannsins er komið fyrir kenningarbákni um aflát og hreinsunareld. Óttablöndnum sálum var að vísu lofuð náð Guðs, en hún var svo bundin iðrunarvilja einstaklingsins að hjálpræðisvissan rúmaðist hvergi. Þetta hafði þær afleiðingar að náð Guðs varð háð iðrun og vilja mannsins til að fyrirgefa.<sup>59</sup> Þessa spennu á milli bænarorðanna „Guð, fyrirgef oss vorar skuldir“ og „eins og vér fyrirgefum vorum skuldunautum“ reynir Lúther að leysa með því að greina á milli iðrunarkalls lögmálsins og náðargjafar fagnaðarerindisins.

## 5. ÚTLEGGING LÚTHERS Á FIMMTU BÆN FAÐIRVORSINS

### 5.1 *Vægi bænarinnar*

Fyrirgefningin er megininntak fagnaðarerindisins að mati Lúthers og í henni er fólgin kjarni kenningarinnar um réttlætingu af trú. Hin svokölluðu „ánægjulegu umskipti“ sem friðþægingin felur í sér eru grundvöllur hennar. Þar tekur Kristur á sig synd, glötun og dauða mannsins og veitir honum í staðinn réttlæti sitt, náð og líf. Fyrirgefninguna á því ekki að takmarka við skriftir og aflát, eins og gert var í miðaldakirkjunni,<sup>60</sup> heldur á hún að móta allt líf mannsins og vera drifkrafturinn í samskiptum hans við náungann og Guð.<sup>61</sup> Fyrirgefningin, sem er

57 Sama, 255 (56, 16).

58 Sama, 136–137.

59 Peters 1992, 144.

60 Peters 1994, 35–40; Gestrich og Zehner 1996, 1140.

61 Þessi áhersla kemur m.a. skýrt fram í riti Lúthers, *Eine kurze Vermahnung zu der Beichte*. Sjá: BSLK, 725–733. Sjá einnig: Gestrich og Zehner 1996, 1140.

megininntak fagnaðarerindisins, er frumforsendan í lífi kristins manns og af henni leiðir að skriftamál sem skylda eða nauðsyn missa merkingu. Presturinn er ekki lengur í hlutverki dómara, heldur þjóns sem boðar manningnum fyrirgefningu Guðs í prédíkun og sálusorgun. Í ljósi hins almenna prestsdóms ber hverjum kristnum manni að gera hið sama í samskiptum sínum við náungann. Úrskurður Guðs eða fyrirgefning verður þannig að veruleika í lífi kristinna einstaklinga.

Þegar útlegging Lúthers á fimmtu bæn faðirvorsins er skoðuð kemur í ljós að þessa áherslu er jafnt að finna í elstu sem yngstu útleggingum hans.<sup>62</sup> Í *Fræðunum meiri* segir Lúther: „[Guð] hefur gefið okkur fagnaðarerindið, þar sem veitt er einskær fyrirgefning, áður en við höfum svo mikið sem beðið um hana eða leitt hugann að henni. Það er samt sem áður mikilvægt að við viðurkennum slíka fyrirgefningu og tökum við henni.“<sup>63</sup> Í þessu samhengi fjallar Lúther um fimmtu bæn faðirvorsins og tekur fyrir hvort bænarefni fyrir sig. Fyrri bænin snertir samband mannsins við Guð, maðurinn þarf að gangast við fyrirgefningunni, lifa í henni og leyfa henni að móta sjálfsmyndina. Seinni hluti bænarinna snýr að sambandi mannsins við náungann. Hún er áminning um að láta fyrirgefninguna móta samband manna innbyrðis og samfélagið í heild svo að hún verði að sýnilegu ytra tákni.

## 5.2 Eðli fyrirgefningarinnar

Fyrst í stað lýsir Lúther eðli fyrirgefningarinnar og hvernig hún tengist lífi mannsins. Sem fyrr er frumforsendan sú að Guð fyrirgefur án þess að maðurinn biðji.<sup>64</sup> Tilvist mannsins vitnar um þetta, hann er vera sem þiggur allt, lífið og gæði þess, úr hendi Guðs. Þegar litið er á líf manna kemur í ljós að maðurinn er það sem honum hefur verið gefið og hann hefur þegið. Þetta er inntak fagnaðarerindisins. Það veitir svar við ótta mannsins og leiðréttir um leið afstöðu hans til lífsins:

Jafnvel þótt við eigum Guðs orð, trúum því, framkvæmum vilja hans og nærumst af gjöfum Guðs og blessun, er aldrei hægt að losna við syndina,

62 *Deutsche Auslegung des Vaterunsers für die einfältigen Laien* (1519) í: WA 2, 80–130; 116–122. Prédíkanir frá 26. 5. og 23. 9. 1528, WA 30 I, 11–18; 15–16; WA 30 I, 95–109; 105–106. BSLK 514, 683–685. Í umfjöllun minni hér liggur til grundvallar útlegging Lúthers í *Fræðunum meiri* (BSLK, 683–685).

63 BSLK, 683.

64 BLSK, 683.

þar sem við hrösum daglega og göngum of langt, af því að við lifum í heimum á meðal fólks, sem veldur okkur allt of miklum ama og gefur okkur ástæðu til óhlýðni, reiði, hefndar og svo framvegis, auk þess sem djöfullinn er fyrir aftan okkur, situr um okkur frá öllum hliðum og berst.<sup>65</sup>

Hér skilgreinir Lúther líf mannsins sem trúarbaráttu þar sem maðurinn kastast á milli efa og vissu, trausts og vantrausts, trúar og vantrúar. Þegar maðurinn lítur í eigin barm mætir hann óvissu og ótta. Ofan á þetta við bætast samviskuspurningar sem vísa sífellt til bresta í persónu mannsins og verkum hans. Ásakanir samviskunnar geta byrgt mannum sýn þannig að hann fær ekki séð fyrirgefningu Guðs, heldur einungis synd sína. Maðurinn — með sína brothættu sjálfsmynd — þarfnast því stöðugrar áminningar um að náð og fyrirgefning Guðs standi þrátt fyrir allan ótta og efa. Lúther segir að þess vegna sé bráðnaðsynlegt að biðja og hrópa: „Kæri Faðir, fyrirgef oss vorar skuldir.“<sup>66</sup> Í bæninni stígur maðurinn fram fyrir auglit Guðs, og Guð minnir hann á fyrirgefninguna og réttir hann við.

Þar að auki á maðurinn að minnast skírnarinnar vegna þess að í henni hlotnast honum fyrirgefning Guðs í eitt skipti fyrir öll. Skírnin er samkvæmt þessum skilningi ekki atburður bundinn tilteknum tíma, heldur áhrif sem umvefja líf mannsins allt með náð Guðs.<sup>67</sup> Þessi skilningur gerir allar tilraunir manna til að réttlæta sig fyrir eigin verk og dugnað tilefnislausar. Hjalpræðisvissan sem sett er fram í bæninni er

65 *BLSK*, 683.

66 *BLSK*, 683.

67 „Með því að þú verðir vatni ausinn, hefur þú hvorki tekið á móti skírinni né þegið hana á þann hátt, að hún verði þér að einhverju gagni. En hún verður þér að gagn, ef þú tekur skírni með því hugarfari, að hún sé samkvæmt boði Guðs og skikkan og þar með í nafni Guðs, þannig að þú ert þeirrar sælu aðnjótandi, sem heitið hefur verið, í vatninu. Slíkt getur hvorki hnefinn né líkaminn gert, heldur verður hjartað að trú. Hér sérð þú glögg, að hér er ekki um verknað frá okkur að ræða, heldur fjársjóð, sem hann gefur okkur og trúin tekur á móti, á sama hátt og DROTTINN Kristur á krossinum er ekki verknaður, heldur fjársjóður, sem skílinn er samkvæmt orðanna hljóðan, er okku býðst og vér tökum við í trú. Þess vegna beita þeir okkkur valdi, þegar þeir saka okkur um að prédika gegn trúnni, þar sem við leggjum aðeins áherslu á hana, þar sem hún er svo nauðsynleg, þar sem við hvorki öðlumst nokkuð né megum njóta hennar án þess að hún komi til.“ Sjá: *BLSK*, 697–698 (hér er stuðst við óútgefna þýðingu Þorgils Hlyns Þorbergssonar).

óhagganleg. „Sá sem getur sagt Faðir vor, hann hefur þegar sigrað, því að [Guð] er sannarlega faðir [okkar].“<sup>68</sup>

Eftir að hafa greint hina nýju stöðu sem fyrirgefningin veitir mannum leitast Lúther við að skilgreina hvernig maðurinn fær reynt hana í daglegu lífi sínu. Spurningin sem svara þarf er þessi: Hvernig getur maðurinn verið viss um fyrirgefningu Guðs? Lúther segir að Guð vilji gefa mannum „góða og óflekkaða samvisku, svo að við getum staðið frammi fyrir honum og beðið“.<sup>69</sup> Þegar maðurinn rýni aftur á móti í sjálfan sig — eins og áður er getið — þurfi hann að átta sig á því að hann brýtur af sér „í orðum og verkum [...], svo að samviskan fær ekki frið og óttast reiði og ónáð Guðs, þannig að huggun og trúnaðartraust fagnaðarerindisins gengur okkur úr greipum“.<sup>70</sup> Þegar maðurinn rannsakar hjarta sitt og verk á þennan hátt álitur hann að hann rísi ekki undir því að trúa og treysta Guði. Í þessu samhengi bendir Lúther á að Guð starfi á hulinn máta. Annars vegar fyrirgefur Guð mannum á leyndan hátt svo að maðurinn veit ekkert um fyrirgefninguna og hins vegar á opin máta, þegar hann lætur manninn reyna veruleika fyrirgefningarinnar í átökum við ásakanir samviskunnar.<sup>71</sup> Fyrirgefning Guðs er ætíð til staðar, en hún verður mannum fyrst raunveruleg eftir að hann hefur tekist á við ásakanir samviskunnar og sigrast á þeim með orði fagnaðarerindisins. Andspænis efanum sem ásakanir samviskunnar vekja í mannum á hann að grípa til bænarinna sem felur í sér orð fyrirgefningarinnar og láta það hugga sig. Aðalverkefni trúarinnar felst í því að treysta orði fyrirgefningarinnar í öllu andstreymi og átökum við innri og ytri efa. Þá þagna ásakanir samviskunnar, en vegna þess að maðurinn er af holdi og blóði verður hann alla ævina að grípa til fagnaðarerindisins til að verjast efanum og angistinni.<sup>72</sup>

68 WA Tr. 3, 4 (nr. 1236).

69 BSLK, 684.

70 BSLK, 683.

71 WA 2, 116.

72 „Ennfremur trúum við því, að í kristninni höfum við fyrirgefningu syndanna, sem á sér stað fyrir sakramentin og aflausnina, auk ýmissa huggunarorða í öllu fagnaðarerindinu. Þess vegna á það einnig við sem prédikað er út frá sakramentunum, í stuttu máli, allt fagnaðarerindið og öll embætti kristinnar. Hitt er einnig nauðsynlegt, að það gerist án afláts. Þrátt fyrir að náð Guðs sé okkur því áunnin fyrir Krist og helgunin framkvæmd fyrir Heilagan anda (fyrir Guðs orð í einingu kristinnar kirkju) þá erum við aldrei án syndar sem umkringir okkur holdsins.

### 5.3 Fyrirgefningin og sjálfsmyndin

Fyrirgefning Guðs getur breytt sjálfsmynd mannsins. Lúther segir:

Slíkt á í annan stað að þjóna þeim tilgangi að Guð lækki í okkur rostann og haldi okkur við auðmýktina. Ef einhver vill stæra sig af réttisýni og fyrirhlíta aðra, svo að hann lítur stórt á sig með hliðsjón af þessari bæn, hefur Guð áskilið sér rétt til þess að sýna honum fram á að hann er alveg jafnguð-hræddur og aðrir. Við þurfum að brjóta odd af oflæti okkar frammi fyrir Guði og gleðjast vegna þess að við hljótum fyrirgefningu hans og það skal enginn halda, á meðan við lifum hér og svo langt sem það nær, að hann þarfnist ekki slíkrar fyrirgefningar. Í stuttu máli: Ef [Guð] fyrirgæfi ekki að afláts, værum við glötuð.<sup>73</sup>

Bænin hjálpar þannig manningum að skilja að hann er ekki skapaður til þess að vera einn og sjálfur sér allt. Maðurinn þarfnast annarra og kemur fyrst til sjálfs sín í tengslum við aðra. Öllu máli skiptir að forsenda þeirra tengsla sé rétt. Hana má finna í sambandi mannsins við Guð, því að með fyrirgefningu sinni sýnir Guð að hann metur manninn í ljósi náðar sinnar en ekki verka hans:

Sú er nú merking þessarar bænar að Guð vill ekki horfa á syndir okkar og meta okkur eftir daglegum verðleikum, heldur vill hann auðsýna okkur náð og fyrirgefningu eins og hann hefur heitið okkur. Hann gefur okkur þar með góða og óflekkaða samvisku, svo að við getum staðið frammi fyrir honum og beðið. Og vegna þess að afstaða hjartans getur ekki talist rétt og skapað slíkt trúnaðartraust, mun það aldrei aftur voga sér að biðja. Slíku trúnaðartrausti og glöðu hjarta er aldrei hægt að ná, nema haft sé hugfast, að syndirnar eru okkur fyrirgefna.<sup>74</sup>

---

Þess vegna er skipað svo fyrir í gjörvallri kristni, að einskærri fyrirgefningu syndanna verði daglega náð fyrir orð og tákni, til þess að hugga og rétta við samvisku okkar, á meðan vér lifum hér. Þannig fer Heilagur andi að, syndin getur ekki gert okkur mein, jafnvel þótt við höfum hana, vegna þess að við erum í kristninni þar sem fyrirgefning syndanna er einskær, bæði á þann hátt að Guð fyrirgefur okkur og vér fyrirgefum hvert öðru, umberum hvert annað og hjálpumst að.“ Sjá: BSLK, 658.

73 BSLK, 683–684.

74 BSLK, 684.

#### 5.4 Afstaða mannsins til náungans

Hjálpræðisvissu sína finnur maðurinn einungis í fyrirgefningu Guðs í Kristi, en ekki í dúpi sjálfs sín eða dugnaði. Þessi grundvallarstaða veldur mönnum ætíð erfiðleikum og koma þeir hvað skýrast fram í afstöðu mannsins til náungans og umgengni við hann. Lúther segir:

[Guð] hefur heitið því, að við megum vera þess fullviss, að allt er okkur fyrirgefið og eftirlátið, en þó svo framarlega sem við fyrirgefum náunga okkar. Við drýgjum því margar syndir daglega og hann fyrirgefur okkur allt af náð sinni. Þannig verðum við ævinlega að fyrirgefa náunga okkar, sem veldur okkur tjóni og beitir okkur valdi, órétti og lymskubrögðum og svo framvegis. Ef þú nú fyrirgefur ekki, þá skalt þú ekki hugsa þér að Guð fyrirgefi. Ef þú hins vegar fyrirgefur, þá berðu þá huggun og það öryggi úr bítum að þér verður fyrirgefið á himnum. Það er ekki vegna fyrirgefningarinnar (þar sem hann gerir það fús af hreinni náð, vegna þess að hann hefur heitið því, eins og fagnaðarerindið kennir), heldur til þess að styrkja okkur og veita okkur fullvissu að hann skeytir þessu aftan við sem tákni um fyrirheitin, sem eiga við þessa bæn. [...] „Sýknið, og þér munuð sýkn-aðir verða“ (Lúk 6.37).<sup>75</sup>

Vandinn sem menn standa fammi fyrir er að þetta er síður en svo létt verk. Tvær gildrur falla menn sífellt í þegar náunginn og breyskleiki hans er annars vegar. Þar ber fyrst að nefna þá tilhneigingu manna að fara ekki leynt með það að þeir vilja ekki gleyma sektinni sem náunginn hefur kallað yfir sig. Í stað þess að hylja hana, mikla menn sektina, bæði í hugsun og tali. Það hefur þær afleiðingar að menn forherðast og stara og benda öllum á flísina í auga náungans. Eins og gefur að skilja virða menn lítt eigin brot, hvað þá að þeir minnst á þau í bæn til Guðs. Allur kraftur fer í að mikla sekt náungans. Menn gefa sér það að Guð fyrirgefi þeim enda þótt þeir neiti sjálfir að fyrirgefa náunganum. Í harðúð hjartans tekur maðurinn sér hér „vald hefndarinnar, sem Guð einn hefur“ og fórnar eilífum gæðum á altari tímanlegrar reiði.<sup>76</sup>

Í öðru lagi er um að ræða þá tilhneigingu að fela dómsýki sína undir slæðu umhyggjunnar. Þeir sem það gera álíta að breyskleiki náungans sé móðgun við helgi þeirra sem þeir hafa unnið sér inn með hlýðni við boð og bönn Guðs. Þeir skipta traustinu til Guðs út fyrir hlýðni við lög-

75 BSLK, 684–685.

76 WA 2, 118.

mál. Slíkir menn, karlar og konur, fylgjast vel með náunganum og vega og meta hann samkvæmt þeim mælikvarða sem þeir hafa sjálfir sett sér. Veikleiki og mistök náungans eru tíunduð undir yfirvarpi umhyggju.<sup>77</sup> Lúther spyr þessa manngerð sem býr í brjóstum allra manna:

Hvernig þætti þér ef Guð, samkvæmt orðanna hljóðan bænarinna, hagaði sér eins og þú kemur fram við náunga þinn og sýndi þér allar syndir þínar og auglýsti þær um heim allan? [Ef þú þarft að ræða syndir náunga þíns] ræddu við hann undir fjögur augu, annars skaltu þegja og grafa þekkingu þína í hjarta þér.<sup>78</sup>

Fyrirgefninguna má ekki misskilja þannig að hún merki að maðurinn eigi að líða órétt í nafni hennar eða láta sem ekkert sé þegar hann sér náunga sinn breyta rangt. Hann á að virða þau lög og lögmál sem móta mannlegt samfélag. Hann á að sinna starfi sínu af skyldurækni og ábyrgð. Þetta á líka við um uppeldishlutverkið. Foreldri sem beitir ekki aga gerir börnin varnarlaus í lífinu og hörku veruleikans. „Því meir sem við sjáum í gegnum fingur við þau, þeim mun erfiðari og illri viðureignar verða þau, að endingu verður það svo að börn sem eru ekki alin upp af foreldrum sínum [þ.e. njóta ekki aga í uppeldi] og vilja ekki taka uppeldi, þau verða hirt af [dómara] og böðli.“<sup>79</sup> Fyrirgefninguna má því ekki nota til að réttlæta eigið afstöðu- og aðgerðaleyfi. Á þennan hátt túlkar Lúther tveggjaríkjakeninguna og aðgreiningu lögmáls og fagnaðarerindis í ljósi fyrirgefningarinnar.<sup>80</sup> Fyrirgefningin er drifkrafturinn í lífi mannsins en til að ryðja lífinu braut verður maðurinn að virða lög samfélagsins og lögmál veruleikans.

## 6. SAMANTEKT

Samkvæmt Gamla testamentinu er það Guð einn sem fyrirgefur syndir (Slm 103.3). Hann fyrirgefur þjóðinni (2Mós 32.14), Jerúsalem (Jes 54.5–8), öðrum þjóðum (Jón 3.10), fjölskyldum (2Mós 34.6 o.áfr.) og

77 WA 2, 121.

78 WA 2, 120. Í predikun út frá Lúk 15.1–10 frá árinu 1522 segir Lúther að „óttast beri að hinu háheilögu séu í hinu dýpsta víti og syndarnir á himnum“. Sjá: *Walch* XI, 1237. Prédikunina er líka að finna í WA 10 III, 217–222.

79 *Walch* XIIIa, 950, sbr. WA 52, 521–529.

80 Sigurjón Árni Eyjólfsson 2007, 89–117.

einstaklingum. Davíðssálmar bera því fagurt vitni. Maðurinn á ekki rétt á henni fyrir eigið ágæti, hún byggist á Guði einum (1Mós 8.21). Eitt megineinkenni á heilagleika Guðs er í því fólgið að Guð fyrirgefur.<sup>81</sup> Fyrirgefning er nýsköpun sem Guð notar til að ryðja lífinu veg í gegnum þjáningu og dauða (Esk 18.21–23). Mikilvæg eru tengsl bænar og fyrirgefningar. Bæn til Guðs er farvegur fyrirgefningarinnar (1Mós 20.7; 2Mós 32.7–34; Am 7.1–6). Langlyndi Guðs er skilið sem hluti fyrirgefningarinnar. Þannig fyrnist sekt sem einstaklingur hefur kallað yfir fjölskyldu, hóp eða heila þjóð. Sektin fylgir henni í þrjár til fjórar kynslóðir (2Mós 34.6 o.áfr.). En hún hverfur með öllu í skuggann af náð Guðs sem hvílir yfir öllum kynslóðunum. Í Gamla testamentinu er gert ráð fyrir að fyrirgefningin gefi líf og afmái dauða sektarinnar (Esk 18.21–23).<sup>82</sup>

Af umfjöllun Nýja testamentisins er ljóst að fyrirgefningin er sett fram með hliðsjón af áherslu Gamla testamentisins um ábyrgð mannsins frammi fyrir Guði. Fyrirgefning Guðs er þar ekki leidd af vangaveltum um eðli Guðs, heldur miðast við gjörðir hans. *Guð fyrirgefur*. Mesta kraftaverkið í starfi Jesú er fyrirgefningin. Hún er veruleiki sem endurnýjar manninn frá rötum hjartans og mótar persónu hans. Af þeim sökum er syndin ekki nokkuð sem fellur til í Nýja testamentinu, heldur lýsir hún stöðu og firringu. Syndin er vald sem heldur mannum föngnum. Fyrirgefningin felur í sér frelsun undan þeirri ánauð. Maðurinn meðtekur hana í trúnni á orð Jesú: „Syndir þínar eru fyrirgefna.“ Trúin viðurkennir veruleika syndarinnar og þörf mannsins á endurlausn (sbr. Mrk 2.5; 1Jóh 1.9; Jak 5.16).<sup>83</sup> Í Nýja testamentinu veldur friðþægingardauði Jesú og upprisa úrslitum og þeir atburðir

81 „Ég vil ekki framkvæma heiftarreiði mína, ekki aftur eyðileggja Efraím. Því að ég er Guð, en ekki maður. Ég bý á meðal yðar sem heilagur Guð og kem ekki til yðar í bræði“ (Hós 11.9).

82 „Ef hinn óguðlegi hverfur frá öllum syndum sínum, sem hann hefir drýgt, og heldur öll mín boðorð og iðkar rétt og réttlæti, þá skal hann vissulega lífi halda og ekki deyja. Öll hans afbrot, sem hann hefir drýgt, skulu honum þá eigi tilreiknuð verða. Vegna ráðvendinginnar, sem hann hefir iðkað, skal hann lífi halda. Ætli ég hafi þóknun á dauða hins óguðlega, segir Drottinn Guð, og ekki miklu fremur á því, að hann hverfi frá sinni illu breytni og haldi lífi?“ (Esk 18.21–23). Þó er talað um syndir sem eru ekki fyrirgefnalegar, sem fyrirbæn tekur ekki burt (Jer 51.1; Esk 14.12–20), en að lokum hverfa þær allar undir blessun Guðs sem hann hefur heitið kynslóðunum.

83 Bultmann 1990, 509.

eru grundvöllur fyrirgefningarinnar. Hún byggist á verki Guðs og Jesú Krists, þ.e.a.s. þeirri áherslu að hjálpræði mannsins sé í Kristi.<sup>84</sup>

Ágústínus tekur þennan skilning að erfðum. Hann bendir á að markmið bænarinnar „fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum“ sé annars vegar að binda manninn náð Guðs í Kristi og hins vegar að losa hjarta hans úr ánaud haturs og efla viljann til að leiðrétta þá sem brjóta af sér. Maðurinn tekur við náð Guðs í iðrun; fyrirgefningin fylgir henni. Andsvarið við fyrirgefningu á að vera að gangast við afbroti og sýna ábyrgð.<sup>85</sup>

Að áliti Lúthers er maðurinn vera sem mótast af sambandi sínu við Guð og aðra menn; í því birtist hann sem persóna. Þegar sambandið er skilyrt fyrirgefningu Guðs mótar það einnig tengsl mannsins við náungann; líf hans ber því vitni. Þannig verður fyrirgefning Guðs að sýnilegu tákni.<sup>86</sup>

Niðurstaðan er sú að í bæninni stígur maðurinn út úr hringiðu haturs og fyrirlitningar og tekur sér stöðu í fyrirgefningu Guðs og ást. Fyrirgefningin veitir mannum kraft til að miðla henni áfram til náungans og þannig verður maðurinn að farvegi fyrir náð Guðs í mannlegu samfélagi.<sup>87</sup>

84 Frankemölle 1992, 677.

85 Ágústínus 1977, 136–137.

86 „Í Lúkasarguðspjalli segir: ‚Sýknið, og þér munuð sýknaðir verða‘ [Lúk 6.37]. Á sama hátt endurtekur Kristur þetta rétt á eftir faðirvorinu og segir: ‚Ef þér fyrirgefið mönnum misgjörðir þeirra, þá mun og faðir yðar himneskur fyrirgefa yður‘ [Matt 6.14]. Þess vegna er slíku tákni aukið við þessa bæn, svo að við munum eftir þessu fyrirheiti í bæn okkar og hugsum sem svo: Kæri Faðir, af þeim sökum kem ég og bið þess, að þú fyrirgefir mér, ekki af því að ég hef gert eða áunnið mér svo margt til þess, heldur vegna þess að þú hefur heitið því og sett innsigli því til staðfestingar, að svo skyldi vissulega verða, líkt og ég fengi aflausn, sem þú hefðir sjálfur mælt af munnni fram. Líkt og skírinn og sakramentið eru sett fram sem ytri tákn, megnar þetta tákn einnig að styrkja samvisku okkar og friða hana og er umfram allt sett fram, til þess að við mættum iðka það og ástunda alla tíð, þar sem við höfum það ævinlega hjá okkur.“ *BSLK*, 685.

87 Ég þakka Brynjólfi Ólasyni og Kristni Ólasyni yfirlestur og gagnlegar ábendingar.

## HEIMILDIR

- Ágústínus, Árelíus. 1977. *Commentary on the lord's sermon on the mount with seventeen related sermons*, þýð. Denis J. Kavanagh, O.S.A., 3. útg., í: *The Fathers of the Church*. A new translation. 11. bindi, Washington, D.C.
- Biblían*. Heilög ritning. Reykjavík 1981.
- Biblían*. Heilög ritning. Reykjavík 2007.
- Bovon, François. 1989. *Das Evangelium nach Lukas III/1 (Lk 1,5–9,50)*, Neukirchen-Vluyn.
- . 1996. *Das Evangelium nach Lukas III/2 (Lk 9,51–14,35)*, Neukirchen-Vluyn.
- Bultmann, Rudolf. 1990. „αφιημι αφεσις“, *Theologisches Wörterbuch zum Neuen Testament* [skammstafað ThWNT] I, Stuttgart.
- D. Martin Luthers Werke. *Kritische Gesamtausgabe* [skammstafað WA], Hermann Böhlhaus Nachfolger, Weimar 1883–.
- D. Martin Luthers Werke. *Kritische Gesamtausgabe. Tischreden* [skammstafað WA Tr.].
- Die Bekenntnisschriften der evangelisch-lutherischen Kirche* [skammstafað BSLK], 8. útg., Göttingen 1979.
- Dr. Martin Luthers Sämtliche Schriften* [skammstafað Walch], útg. Dr. Joh. Georg Walch, 2. útg. (endurprentun), St. Louis, Missouri 1986.
- Frankemölle, Hubert. 1992. „Vergebung der Sünden III“, *Theologische Realenzyklopädie — Studienausgabe* [skammstafað TRE], 34. bindi.
- Gestrich, Christof og Joachim Zehner. 1996. „Vergebung“, *Evangelischer Kirchenlexikon*, 4. bindi, Göttingen, bls. 1137–1143.
- Gnilka, Joachim. 1988. *Das Matthäusevangelium*, 1. bindi, Freiburg.
- . 1994. *Das Evangelium nach Markus EKK II/1*, 4. útg., Neukirchen-Vluyn.
- Große Konkordanz zur Lutherbibel*. 1989. 2. útg., Stuttgart.
- Janowski, Bernd. 1982. *Sühne als Heilsgeschehen. Studien zur Sühnetheologie der Priesterschrift und zur Wurzel KPR im Alter Orient und im Alter Testament*. Neukirchen-Vluyn.
- Leroy, Herbert. 1992. „αφιημι αφεσις“, *EWNT I*, 2. útg., Berlín, bls. 436–441.
- Lüther, Marteinn. „Fræðin meiri“, óbirt þýðing eftir Þorgils Hlyn Þorbergsson.
- . *Eine kurze Vermahnung zu der Beichte*, í: BSLK, 725–733.
- . *Deutsche Auslegung des Vaterunsers für die einfältigen Laien* (1519), í: WA 2, 80–130.
- Niederwimmer, Kurt. 1993. *Die Didache*, Göttingen.

- Peters, Albrecht. 1992. *Kommentar zu Luthers Katechismen*, 3. bindi: *Das Vaterunser*, Göttingen.
- . 1994. *Kommentar zu Luthers Katechismen*, 5. bindi: *Beichte, Haus-  
tafel, Traubüchlein, Taufbüchlein*, Göttingen.
- Philonenko, Marc. 2002. *Das Vaterunser*, Tübingen.
- Preuss, Horst Dietrich. 1991. *Theologie des Alten Testaments — Israels Weg  
mit JHWH*, 2. bindi, Stuttgart.
- Rengstorf, Karl Heinrich. 1983. „Ἰησους Χριστος“ *TBLNT*, 2. bindi, 3. útg.,  
Wuppertal, bls. 757–768.
- Schenker, Adrian. 2002. „Vergebung der Sünden.“ *Theologische Realenzyk-  
lopädie — Studienausgabe* [skammstafað *TRE*], 34. bindi, Berlín.
- Schnelle, Udo. 1999. *Einleitung in das Neue Testament*, 3.útg., Göttingen.
- Sigurjón Árni Eyjólfsson. 2004. *Kristin siðfræði í sögu og samtíð*, Reykjavík.
- . 2007. „Trú og veraldlegt vald — Af kenningu Lúthers um ríkin tvö“,  
*Studia theologica islandica*, ritröð Guðfræðistofnunar, 25. bindi, 2. hefti,  
Reykjavík, bls. 89–117.
- Spieckermann, Hermann. 1990. „Barmherzig und gnädig ist der Herr.“  
*ZAW*.
- Strecker, Georg. 1985. *Die Bergpredigt*, 2. útg., Göttingen.
- Vorländer, Herwart. 1983. „Vergebung“, *TBLNT*, 2. bindi, 3. útg., Wupper-  
tal, bls. 1263–1267.

